

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 10 000.00 og renna þær í sveitarsjóð þar sem brot er framið. Vanrækt fjallskil skulu goldin tvöföldu verði til fjallskilasjóðs.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 215 frá 1938.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 107. gr., sbr. 92. gr. c, sveitarstjórnarlaganna nr. 58 1961, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

9. júní 1965.

Nr. 122.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Eyjafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þessum sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71 1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Öngulsstaðahreppur:

1. Eyrarlandsvegur, af Norðurlandsvegi að Eyrarlandi.
2. Leifsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Leifsstöðum og Brúarlandi.
3. Svertingsstaðavegur, af Eyjafjarðarbraut að Brekku.
4. Ytri-Hólsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Ytra-Hóli.
5. Garðsárdalsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Garðsá.
6. Brúnalaugarvegur, af Eyjafjarðarbraut að Brúnalaug.
7. Uppsálavegur, af Eyjafjarðarbraut að Uppsölum.
8. Sigtúnsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Sigtúni.
9. Íþróttavallarvegur, af Barnaskólavegi að Kvinnaskólavegi.

Saurbæjarhreppur:

1. Villingadalavegur, af Eyjafjarðarbraut að Villingadal.
2. Hólsgerðisvegur, framhald af Eyjafjarðarbraut að Tjörnum.
3. Leyningsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Leyningi.
4. Gullbrekkuvegur, af Eyjafjarðarbraut að Gullbrekku.

Hrafnagilshreppur:

1. Vaglavegur, af Eyjafjarðarbraut að Vöglum.
2. Syðra-Gílsvegur, af Eyjafjarðrbraut að Syðra-Gíli.
3. Teigsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Teigi.
4. Hranastaðavegur, af Eyjafjarðarbraut að Hranastöðum.
5. Merkgílsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Merkgíli.
6. Viðigerðisvegur, af Eyjafjarðarbraut að Viðigerði.
7. Torfuvegur, af Eyjafjarðarbraut að Torfum.

Glæsibæjarhreppur:

1. Mýrarlónsvegur, af Norðurlandsvegi á enda Blómsturvallavegar.
2. Syðra-Hólsvegur, af Norðurlandsvegi að Syðra-Hóli.
3. Ytra-Hólsvegur, af Norðurlandsvegi að Ytra-Hóli.
4. Einarssstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Einarstöðum.
5. Sílastaðavegur, af Norðurlandsvegi að Sílastöðum.
6. Brávallavegur, af Blómsturvallavegi að Brávöllum.
7. Skipalónsvegur, af Dagverðareyrarvegi að Skipalóni.
8. Tréstaðavegur, af Dagverðareyrarvegi að Tréstöðum.
9. Djúpárbakkavegur, af Ólafsfjarðarvegi að Djúpárbakka.
10. Ásvegur, af Norðurlandsvegi að Ási.
11. Vindheimavegur, af Norðurlandsvegi að Efra-Vindheimum.
12. Garðshornsvegur, af Norðurlandsvegi að Garðshorni.

Öxnadalshreppur:

1. Syðri-Bægisárvegur, af Norðurlandsvegi að Syðri-Bægisá.
2. Hólavegur, af Norðurlandsvegi að Hólum.
3. Hraunsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Engimýri um Hraun og Háls á Öxnadalshreppi hjá Auðnum.

Skriðuhreppur:

1. Búðarnesvegur, af Hörgárdalsvegi að Búðarnesi.
2. Hörgárdalsvegur innri, af Þjóðvegi (Hörgárdalsvegi) hjá Staðarbakka að Ásgerðarstaðaseli.
3. Baugaselsvegur, af Hörgárdalsvegi að Baugaseli.
4. Öxnhólsvegur, af Hörgárdalsvegi að Öxnhóli.
5. Hallfríðarstaðavegur, af Hörgárdalsvegi að Hallfríðarstöðum.

Arnarneshreppur:

1. Pálmholtsvegur, af Ólafsfjarðarvegi hjá Reistará á Hjalteyrarveg hjá Pálmholti.
2. Arnarnesvegur, af Hjalteyrarvegi að Arnarnesi.
3. Sjávarbakkavegur, af Hjalteyrarvegi að Sjávarbakka.
4. Arnarholtsvegur, af álmu af Hjalteyrarvegi að Arnarholti.

Árskógshreppur:

1. Selárvegur, af Hauganesvegi að Selá.
2. Brimnesvegur, af Hauganesvegi að Brimnesi.
3. Helluvegur, af Ólafsfjarðarvegi að Hellu.
4. Kleifarvegur, af Ólafsfjarðarvegi að Kleif.

Svarfaðardalshreppur:

1. Sökkuvegur, af Skiðadalsvegi að Sökku.
2. Ölduhryggjarvegur, af Skiðadalsvegi að Ölduhrygg.
3. Uppsálavegur, af Skiðadalsvegi að Uppsólum.
4. Syðra-Hvarfsvegur, af Skiðadalsvegi að Syðra-Hvarfi.

5. Klængshóls- og Hlíðarvegur, af Skíðadalsvegi álma að Klængshóli, og álma að Hlíð.
6. Kónsstaðavegur, af Skíðadalsvegi að Kónsstöðum.
7. Melavegur, af tengivegi á Skíðadalsvegi að Melum.
8. Kotsvegur, framhald af Svarfaðardalsvegi.
9. Hræringsstaðavegur, af Svarfaðardalsvegi, með afleggjara í Skeið og Búrfell.
10. Bakkavegur, af Svarfaðardalsvegi að Bakka.
11. Bakkagerðisvegur, af Svarfaðardalsvegi að Bakkagerði.
12. Grundarvegur, tengivegur milli Svarfaðardals og Skíðadalsvegur, með brú á Svarfaðardalsá hjá Hofi.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð, samkvæmt 21. gr. vegalaga, niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal vera 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. vegalaga eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalds renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafn miklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun, í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Staðfest áætlun þessi gildi er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. krónum, nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 55 17. maí 1926, með áorðnum breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Hvalfjarðarstrandarhreppur:

1. Botnsdalsvegur, af Vesturlandsvegi um Litla-Botn að Stóra-Botni.
2. Hrafnabjargavegur, af Vesturlandsvegi að Hrafnabjörgum.
3. Kalastaðakotsvegur, af Vesturlandsvegi að Kalastaðakoti.
4. Hurðarbaksvegur, af Svínadalsvegi að Hurðarbaki.